

**Atvinnuvega- og
nýsköpunarráðuneyti**

Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd
Sendandi: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Dagsetning: 08.03.2013
Málsnúmer: ANR12090513
Bréfalykill: 4.1.6

Efni: Umsagnir um breytingatillögur o.fl.

Á fundi efnahags- og viðskiptanefndar 8. mars 2013 óskaði nefndin eftir því að ráðuneytið tæki afstöðu til breytingartillögu 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (Eygló Harðardóttur) á 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins (þskj. 1075) og breytingartillögu Lilju Mósesdóttur og Eygló Harðardóttur á 26. gr. frumvarpsins (þskj. 1070). Einnig var óskað eftir afstöðu ráðuneytisins til þess hvort tilefni sé til að takmarka lánveitingar til fólks sem tekur lán seint á starfsævinni.

2. mgr. 13. gr. Upplýsingar um útlánsvexti

Í breytingartillögu sinni við 2. mgr. 13. gr. leggur 2. minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar til að við bætist nýr málslíður, svohljóðandi: *Eigi skal þó líða lengri tími en sex mánuðir á milli þess að neytandi er upplýstur um breytingarnar og áhrif þeirra á þær fjárhæðir sem greiða skal til loka lánstímans.*

Í meðfylgjandi nefndaráli 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar segir að "mikilvægt er að neytandi sé upplýstur reglulega um áhrif verðtryggingar á kostnað af láninu og hafi þá tækifæri og upplýsingar til að meta hvort skynsamlegt sé að leita hagstæðari kjara hjá öðrum lánveitanda. Því leggur 2. minni hluti til að 13. gr., sem varðar breytingar á útlánsvöxtum og áhrifum þeirra á greiðslu eftirstöðva lána, taki einnig til breytinga á verðbótum. Jafnframt að heimildir sammingsaðila til að semja um að upplýsingarnar séu veittar með ákveðnu millibili sæti takmörkunum. Eigi skuli líða lengri tími en sex mánuðir á milli þess að neytandi sé upplýstur um breytingarnar og áhrif þeirra á þær fjárhæðir sem greiða skal til loka lánstímans."

Ráðuneytið telur æskilegt, líkt og fram kemur í minnisblaði þess frá 6. mars. sl., að neytandi sé reglulega upplýstur um breytingar á höfuðstól verðtryggðra lána. Ef efnahags- og viðskiptanefnd telur þörf á að skýra nánar hversu reglulega skuli að lágmarki veita upplýsingar skv. 2. mgr. 13. gr. þá ætti ofangreind tillaga að ná því takmarki. Ráðuneytið telur þó að seinni hluti tillögunnar sé óþarfi, þ.e. orðalagið "og áhrif þeirra á þær fjárhæðir sem greiða skal til loka lánstímans", enda kemur fram í 2. másl. 1. mgr. að "Í upplýsingum skulu koma fram þær fjárhæðir sem greiða skal eftir gildistöku nýrra útlánsvaxta og, ef fjöldi eða tíðni greiðslna breytist, upplýsingar um það".

Efnahags- og viðskiptanefnd getur einnig komið fram skilningi sínum á lágmarkskröfum 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins í nefndaráli án þess að breyta eða bæta við núverandi frumvarpstexta. Á þessari leið er þó sá gallinn að ef reynir á ákvæðið fyrir dómstólum er ekki ljóst að hve miklu leyti þeir tækju tillit til nefndarálits sem lögskýringargagns.

26. gr. Hámark árlegrar hlutfallstölu kostnaðar

Í breytingartillögu sinni við 26. gr. frumvarpsins leggja Lilja Mósesdóttir og Eygló Harðardóttir til að orðin „að viðbættum stýrivöxtum“ falli brott. Breytingatillagan er ekki rökstudd með nefndaráli, en

fram hefur komið á fundum efnahags- og viðskiptanefndar að markmið tillögunnar sé að tryggja að ákvæðið feli í sér raunverulegt vaxtaþak og að lánveitendur taki á sig hluta af þeirri áhættu sem tengist verðbólguþotum. Afstaða ráðuneytisins er sú að rétt sé að taka tillit til kostnaðar fjármagns (stýrivaxta) á hverjum tíma. Enda er markmið ákvæðisins að taka á okurkostnaði við lántöku, en það hlýtur að haldast í hendur við kostnað fjármagns á hverjum tíma hvað telst okur. Framtíðarverðbólguþróun er ófyrirséð, en vert er að benda á að frá árinu 1988 hefur ársverðbólga hæst mælst 25,2% og hefði ákvæðið yfir þann tíma ekki haft áhrif á verðtryggð lán.

Vert er að nefna að ráðuneytið óskaði eftir afstöðu Seðlabankans til breytingatillögunnar, en sökum þess skamma tímaramma sem minnisblað þetta var unnið innan þá barst svar ekki í tæka tíð.

Takmarkanir á lánveitingar til fólks sem tekur lán seint á starfsævinni

Ráðuneytið telur ekki ástæðu til að kveða á um takmarkanir á lánveitingar til fólks sem tekur lán seint á ævinni í frumvarpinu. Í 10. gr. frumvarpsins, sbr. b-liður 27. gr. er gert ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um lánshæfis- og greiðslumat. Fyrirsjáanlegar framtíðarbreytingar á horfum neytenda, s.s. að hann sé á lánstímanum að fara á ellilífeyri er einn af þeim tæknilegu þáttum sem eðlilegt er að séu hluti af vönduðu greiðslumati og að fjallað sé um í reglugerðinni.

Ráðuneytið tekur fram að mjög skammur tími gafst til vinnslu minnisblaðsins og er það sett fram með fyrirvara um frekari athugasemdir af hálfu ráðuneytisins.